

Geðhjálp gefur Maríukirkju kex

Geðhjálp á svo mikið af kexkökum að þeir gefa Maríukirkju í Breiðholti kex öðru hvoru. Bláamaður DV rakst á mann á Lækjartorgi með fulla poka af kexpökkum. „Ég er með kex sem ég fékk hjá Geðhjálp og ætla að gefa krökkunum sem koma í

Ha? kirkjuna uppi í Seljahverfi á mánudögum,” sagði kexmaðurinn sem var á leiðinni með kexpökkana í poka í strætó alveg frá Lækjartorgi upp í Seljahverfið í Breiðholti þar sem barnastarfið fer

fram hjá Maríukirkju. „Krökkunum finnst kexið gott og við viljum leggja okkar af mörkum við að aðstoða þau í sínu starfi í kirkjunni með því að gleðja þau með að gefa þeim eitthvað til að narta í,” segir maðurinn og tekur pakka af súkkulaðihafrakexi upp úr poka. Hann þarf að þjóta, áður en hann missir af strætó á leiðinni upp í Breiðholt þar sem börnin bíða eftir kexinu sínu.

Kexmaðurinn Á leiðinni upp í Breiðholt með fullan poka af kexi.

